

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 364. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 8. desember 2022 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Heimir Berg, markaðs- og kynningarfulltrúi Snæfellsbæjar, mætir á fundinn og fer yfir það sem er helst á döfinni.
- 2) Fundargerð 336. fundar bæjarráðs, dags. 1. desember 2022.
- 3) Fundargerð menningarnefndar, dags. 17. nóvember 2022
- 4) Fundargerð stjórnar Dvalarheimilisins Jaðars, dags. 15. nóvember 2022.
- 5) Fundargerð rekstrarnefndar Klifs, dags. 29. nóvember 2022.
- 6) Fundargerð 142. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 6. desember 2022
- 7) Fundargerð 164. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 6. desember 2022.
- 8) Fundargerð 8. fundar Framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 6. desember 2022.
- 9) Fundargerð 201. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 29. nóvember 2022.
- 10) Fundargerð 208. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 25. október 2022.
- 11) Fundargerð 915. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. nóvember 2022.
- 12) Fundargerð 447. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 18. nóvember 2022.
- 13) Bréf frá stjórnendum leikskóla Snæfellsbæjar, dags. 24. nóvember 2022, varðandi betri vinnutíma í leikskóla Snæfellsbæjar.
- 14) Bréf frá Ragnheiði Víglunds dóttur og Jenný Guðmunds dóttur, dags. 30. nóvember 2022, varðandi kirkjumuni á annarri hæð Pakkhússins, ásamt greinargerð frá Hollvínafélagi Pakkhússins vegna skásetningar og flokkunar á safnmunum.
- 15) Bréf frá kórnum á Snæfellsnesi, dags. 1. desember 2022, varðandi styrk vegna tónleikahalds.
- 16) Reglur fyrir geymslusvæði Snæfellsbæjar við námusvæði ofan Rífs.
- 17) Minnispointar um sérsöfnun úrgangs í Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ, dags. 30. nóvember 2022.
- 18) Jafnréttisáætlun Snæfellsbæjar 2022-2026.
- 19) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 5. desember 2022, varðandi breytingar í barnaverndarþjónustu sveitarfélaga.
- 20) Bréf frá Sorpurðun Vesturlands, dags. 30. nóvember 2022, varðandi gjaldskrá fyrir árið 2023.
- 21) Fjárhagsáætlun og gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2023.
- 22) Gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2023.
- 23) Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023. Seinni umræða.
- 24) Þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar fyrir árin 2024-2026
- 25) Minnispointar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 6. desember 2022**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

336. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn fimmtudaginn 1. desember 2022 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 12:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Björn H Hilmarsson í fjarveru AK  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir því að fá að taka inn með afbrigðum sem 12. lið ósk um aukafjárveitingar. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) **Bréf frá Þuríðu Hall Sölvadóttur og Stíg Reynissyni, dags. 11. nóvember 2022, varðandi kaup á Keflavíkurgötu 10.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að ganga til samninga við Þuríði og Stíg um kaup á Keflavíkurgötu 10.
- 2) **Umsókn frá Eyglóu Önnu Þorkelsdóttur, dags. 8. nóvember 2022, að fá að halda hundinn Birtu.**  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 3) **Bréf frá bæjarritara, dags. 29. nóvember 2022, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna snjómoksturs**  
Bæjarráð samþykkti aukafjárveitinguna samhljóða.
- 4) **Gjaldskrár Snæfellsbæjar – tillögur að breytingum fyrir árið 2023.**  
Bæjarráð óskaði eftir því að taka út hækkun á leikskólagjöldum, en halda inni hækkun á fæði í leikskóla. Bæjarráð staðfesti tillögur að gjaldskrár Snæfellsbæjar fyrir árið 2023 með ofangreindum breytingum og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 5) **Tillögur að styrkjum í fjárhagsáætlun 2023.**  
Bæjarráð staðfesti tillögur að styrkveitingum fyrir árið 2023 og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 6) **Tillögur að fjárfestingum ársins 2023.**  
Bæjarráð staðfesti tillögur að fjárfestingum Snæfellsbæjar fyrir árið 2023 og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 7) **Tillögur að fjárfestingum Hafnarsjóðs 2023.**  
Bæjarráð staðfesti tillögur að fjárfestingum Hafnarsjóðs fyrir árið 2023 og samþykkti samhljóða að vísa þeim til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 8) **Tillaga að fjárhagsáætlun Hafnarsjóðs 2023.**  
Lagt fram til kynningar.
- 9) **Tillaga að fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og A- og B-hluta stofnana hans fyrir árið 2023.**  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa tillögu að fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023 til seinni umræðu í bæjarstjórn.
- 10) **Tillaga að þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar fyrir árin 2024-2026.**  
Bæjarráð samþykkti fyrir sitt leyti þriggja ára áætlun Snæfellsbæjar 2024-2026, og samþykkti samhljóða að vísa tillögunni til samþykktar í bæjarstjórn.
- 11) **Þriggja ára áætlun Félags- og skólalþjónustu Snæfellinga fyrir árin 2024-2026.**  
Lagt fram til kynningar.

Handwritten signatures and initials, including "Björn H", "Fríða", and "Lilja".


12) Bréf frá bæjarritara, dags. 1. desember 2022, varðandi ósk um aukafjárveitingu vegna kaupa á húsum og fjármögnun á því.


Bæjarráð samþykkti samhljóða aukafjárveitingu vegna kaupa á húsum og fjármögnun á þeim.


13) Minnispunktar bæjarstjóra


- a) Bæjarstjóri sagði frá stöðunni í sorpmálum.
- b) Bæjarstjóri sagði frá félagsþjónustumálum.
- c) Bæjarstjóri ræddi stöðu heilsugæslunnar.
- d) Bæjarráð lýsti yfir ánægju sinni með þær upplýsingar sem það fær í gegnum fundargerðir framkvæmdateymisins og óskaði eftir því að fá upplýsingar frá fleiri starfsmönnum. Til að byrja með óskaði bæjarráð eftir því að fá markaðs- og kynningarfulltrúa Snæfellsbæjar inn á bæjarstjórnarfundum til að fara yfir stöðu mála.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:13

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Björn H. Hilmarsson

  
Friða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Menningarnefnd Snæfellsbæjar

Fimmtudagur 17. nóvember kl 14:00. Staðsetning: Ráðhús Snæfellsbæjar.

Fundinn sitja: Helga Jóhannsdóttir, Heimir Berg, Kristín Arnfjörð, Ingunn Ýr Angantýsdóttir og Jóhannes Stefánsson.

Fundagerð ritar: Helga Jóhannsdóttir

### **1. Jólakvöld 24. nóvember**

- a. Menningarnefnd verður í Átthagastofu frá 18:00-21:00.
- b. Jón Haukur gengur á milli staða og verður með tónlistaratriði.

### **2. Jólatónleikar**

- a. Rætt var um að færa jólatónleikana úr Klifí yfir í kirkjuna, fá það á hreint hvort kirkjan sé laus og hafa samband við Heru.
- b. Miðasala í átthafastofu á fimmtudaginn 24. nóvember frá 18:00-21:00.
- c. Ákveðið að hittast og skreyta átthagastofu miðvikudaginn 23. nóvember.

### **3. Jólahús Snæfellsbæjar**

- a. Ákveðið að vekja athygli á kosningu um jólahús Snæfellsbæjar í Jökli og á miðlum bæjarins.

15:10 – Fundi slitið.

Fundur haldinn í stjórn Dvalarheimilisins Jaðars fimmtudaginn 15.11. 2022, kl. 13.00 í húsnæði Jaðars, Hjarðartúni 3a, Ólafsvík.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,  
Helga Valdís Guðjónsdóttir  
Hallgrímur Árni Ottósson  
Inga Jóhanna Kristinsdóttir forstöðumaður.

Björn Arnaldsson, formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 05.10.2022, lagt fram til kynningar.
2. Erindi til bæjarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar árið 2023. Inga kynnir send erindi til bæjarstjórnar vegna viðhalds húsnæðisins, vegna beiðni um ráðningu starfsmanns sem myndi halda utan um og sinna afþreyingu heimilismanna í 50% starfi og beiðni um ráðningu sameiginlegs húsvarðar Jaðars og Leiksskóla Snæfellsbæjar.
3. Önnur mál.
  - a. Rætt um nýtt anddyri Jaðars sem til stendur að byggja.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.52

Fundargerð ritaði: Helga Valdís Guðjónsdóttir

Björn Arnaldsson  
Helga Guðjónsdóttir  
Hallgrímur Ottósson  
Inga Kristinsdóttir

2. fundur Rekstrarnefndar Klifs haldinn í Klifi  
þriðjudaginn 29. nóvember 2022 kl. 13:00

Á fundinn mættu:

Baldvin Leifur Ívarsson, Guðrún Þórðardóttir, Jenný Guðmundsdóttir og Sigrún Ólafsdóttir.

1. Stólakaup í hliðarsalinn

Vorum búin að skoða stóla frá Patti húsgöng sem okkur leist vel á, staflanlegir svo að það væri gott að geta líka notað þá í stóra salnum þegar það eru stórir viðburðir. Fengum gott tilboð en Guðrún ætlar suður og skoða þá áður en við leggjum inn pöntun.

2. Eldhúsinnrétting.

Þar sem það vantaði nýja eldhúsinnréttingu í hliðarsalinn fengum við að eiga nýlega innréttingu sem var verið að skipta út. Einnig fengum við helluborð, ofn og viftu. Starfsmenn áhaldahússins fóru og tóku hana niður og er næsta verkefni að koma henni upp í Klifi. Viljum við þakka kærlega fyrir þessa góðu gjöf.

Fleira ekki gert fundi slitið 14:03

Sigrún Ólafsdóttir

## 8. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 6. desember 2022 með rafrænum hætti.

Mætt: Fundur var haldinn á annan hátt en vanalega þar sem fundarsalurinn var tvíbókaður þennan dag. Í stað þess að hittast fékk bæjarritari senda punkta frá fundarmönnum þar sem fram komu helstu framkvæmdir síðasta mánaðar.

- 1) Ævar fór yfir framkvæmdir á vegum Áhaldahússins:
  - a) Ólafsbraut 23: Á tímabilinu 1-10. nóvember voru botnstykkinn löguð og húsið fest við sökkla. Eftir 10. nóv. var byrjað að hófa niður gólf og síðan þök. Súð var endurnýjuð að hluta og síðan pappað yfir.
  - b) Á Gufuskálum voru grafnir upp kaplar meðfram götulýsingu og þeir lagaðir.
  - c) Á tjaldstæðinu í Ólafsvík var strað við rotþró – hún tekin upp og endurnýjuð. Rotþróin var stútfull og ekki í góðu standi.
  - d) Vatn og skólþ var tengt við raðhús á Hellissandi.
  - e) Undirbúningur á lagningu rafstrengs inn í Ólafsbraut 23
  - f) Jólaundirbúningur hófst í nóvember. Sett voru upp jólatré og jólaskraut.
  
- 2) Björn fór yfir framkvæmdir á vegum hafnarinnar:
  - a) Framkvæmdir við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík halda áfram, unnið er við frágang í masturhúsi að innan. Ekki verður steipt meira af þekjunni fyrr en næsta vor en búíð er að steypa um 67% af henni og hefur hún verið tekin í notkun. Þá er búíð að ganga frá öryggisatriðum við steypubrunir. Tenglaskápar hafa verið settir upp og verið er að vinna við rafmagnstengingar við skápana.
  - b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram, búíð er að klæða húsið að utan og verið er að undirbúa næsta áfanga sem er viðbygging.
  - c) Vinna við dýpkunarframkvæmdir í innsiglingunni til Rifshafnar er stopp eins og áður hefur komið fram. Verktakinn er í viðræðum við sitt tryggingafélag og stefnir hann á að ljúka við verkið næsta vor.
  - d) Búíð er að hanna og teikna stækkun og hækkun á trébryggju við gafl stálþils við Norðurtanga í Ólafsvík. Útboð vegna efniskaupa er í vinnslu og er gert ráð fyrir framkvæmdum árið 2023.
  - e) Búíð er að setja upp 3 stk. ljósastaura og steypa gangstéttir á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar við Snoppuveg. Verið er að setja ljós á staurana og tengja.
  
- 3) Matthías fór yfir framkvæmdir vegna íþróttamannvirkja og tölvumála:
  - a) Fimm ný gler voru sett í skjólvegg í sundlaugargarði
  - b) Sett var upp innskráningarkerfi fyrir sundlauginu
  - c) Eldvarnarhurð var sett upp í sundlaugarkjallara
  - d) Verið er að setja upp sjálfvirk klórkerfi fyrir innipottinn.

Farið var í umtalsverðar endurbætur á tölvukerfi SNB þar sem netþjónninn Stapi var orðinn frekar gamall. Var hann tekinn úr umferð og sett upp nýtt kerfi. Sett var upp ný vél fyrir teikningasafn tæknideildar ásamt gagnahýsingu fyrir þjóðar- og íbúðasýn. Nýr prentþjónn var settur upp og DNS þjónn lagaður. Settur var upp nýr netþjón sem kallast ENNI

Þar sem SNB og FSSF voru með sameiginlegt umhverfi var farið í að stofna sér umhverfi fyrir FSSF og þeim eytt út úr SNB kerfinu vegna persónuverndarstefnu og gagnaöryggis.

  - a) Nýtt umhverfi stofnað fyrir FSSF
  - b) Notendur FSSF fluttir úr Snæfellsbæjar umhverfi yfir í nýtt umhverfi
  - c) Öryggisþættir í umhverfi Snæfellsbæjar og FSSF virkjaðir
  - d) Aðgengi að gögnum og skjölum takmarkað.

Origo tekur öryggisafrit af Office 365 umhverfi SNB og FSSF. Gögnin eru geymd á Íslandi í ISO 27001 og SOC2 vottuðum gagnaverum. Gögnin eru geymd í dulrituðu formi og fylgst er með gerð aðgangi að vistuðum gögnum á öruggan máta. Tekið er afrit af Exchange, Sharepoint, OneDrive og Teams.

- a) Gögn eru afrituð á fjögurra klst. fresti
- b) Afrituð gögn eru geymd í 1 ár

Sett var upp fjölþátta auðkenningu á tölvukerfi Snæfellsbæjar, vörn á tölvupóst, vírusvörn og fleiri öryggisþættir virkjaðir.

Öryggishugbúnaður fyrir útstöðvar, Antivírus, Antispam, Eldveggur o.fl. virkjað

Virkja var að notendur geta endursett eigið lykilorð.

4) Leifur fór yfir sín mál:

- a) Íbúð á Jaðri var tekin í gegn.
- b) Á Jaðri var jafnframt skipt út rúllugardínunum og gardínustöngum.
- c) Smávægilegt viðhald fór fram í Klifi
- d) Í Engihlíð 18, 3hv var brotið í kringum tvo glugga og hafa þeir leikið. Jónas smiður hefur verið fenginn til að laga þetta.
- e) Mánuðurinn hefur farið í viðhaldsverkefni á ýmsum stöðum, t.d. á leikskólanum og í Engihlíð 22, 3hh.

5) Vagn fór yfir framkvæmdir vegna grunnskólans:

- a) Fjarlægðir 4 stólpur af skólalóð við grunnskólann í Ólafsvík til að snjómoksturstæki eigi greiðara með að athafna sig. Hellulagt í sár undir þeim.
- b) Hellulagt við NV horn á sparkvelli í Ólafsvík.
- c) Málningarvinna í heimilisfræðistofu í Ólafsvík.
- d) Búið er að sílanbera N og V hlið grunnskólans á Hellissandi en kantur á þeim er óáborinn.
- e) Skápur í kaffistofu grunnskólans í Ólafsvík fjarlægður úr innréttingu og gert klárt þar fyrir uppþottavél.
- f) Eftir síðasta fund hafði ég samband við Viðar Hafsteinsson um að kjarnabora göt til loftræstingar á steypustokk utaná á grunnskólanum á Hellissandi og hann ætlar í það.
- g) Eftir samtali við Eirík Gautsson varðandi múrviðgerðir þá ákvað hann að best væri vegna ótryggra veðra að fresta múrviðgerðum fram á vorið eða strax og veður leyfir.
- h) Fyllt á saltlát við báða skóla.
- i) Eitrað fyrir silfurskottum í grunnskóla Ólafsvíkur.
- j) Útikrani settur við grunnskólann í Ólafsvík. Vinna þarf betur að því enda hvorugur skólinn haft aðgang að vatni.
- k) Bókasafnið í Ólafsvík málað og útiljós sett upp á Hellissandi (viðbót frá skólastjóra)

Það sem til stendur í desember.

- a) Smá lagfæringar að utan á Kálfi í Ólafsvík.
- b) Koma fyrir tveimur uppþottavélum í grunnskólanum í Ólafsvík. Annað er ekki fyrirsjáanlegt eins og stendur.

Það sem leggja verður áherslu á.

- a) Mér skilst að væntanlegir séu menn til að lagfæra þak á Gufuskálum og áriðandi er að þeir verði fengnir í bráðabirgðaviðgerð á efra þaki Grunnskólans á Hellissandi. Það þarf að klárast sem fyrst þannig að við losnum undan miklum leka þar ef rignir, um er að ræða 4 - 6 m<sup>2</sup> dúklögn á SV horni.



- b) Hilmar skólastjóri leggur áherslu á það að flekahurð sem aðskilur tvær stofur í grunnskóla Ólafsvíkur verði keypt fyrir áramót.
- c) Vonandi fer það að skýrast hvað á að gera í þaki grunnskólans á Hellissandi og þá í framhaldi fengnir menn að þeirri framkvæmd það þolir ekki lengri bið og verður að gerast næsta sumar.
- d) Eldhús grunnskólans í Ólafsvík þarfnast orðið mikillar lagfæringar en ég hef þegar sýnt aðilum í bæjarstjórn það. Leggja verður áherslu á að fá mannskap í það verkefni strax og skóla lýkur næstkomandi sumar.
- e) Leggja þarf áherslu á að tryggja mannskap í lagfæringar á þaki yfir anddyri barna við grunnskólann í Ólafsvík þannig að það verði hægt að fara í þá framkvæmd strax og skóla lýkur.
- f) Þarf að ítreka nauðsyn þess að halda áfram að skipta um glugga á Hellissandi (viðbót frá skólastjóra).

6) Næsti fundur verður á nýju ári þriðjudaginn 3. janúar kl. 09:00.

---

**Fundargerð 201. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga**

**Fundarstaður;** Fundarstaður: Teams – fjarfundarbúnaður *Opinber útgáfa!*  
**Dagsetning;** þriðjudaginn 29. nóvember 2022, kl. 16.30

**Mættir:** Sigrún Þórðardóttir; Ragnheiður Dröfn Benediksdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir, Steinunn Alva Lárusdóttir, Steinunn María Þórsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

**Dagskrá:**

---

Sveinn Þór, bauð fundarmenn velkomna og setti fund nýrrar félagsmálanefndar Snæfellinga

**1. Kosning formanns og varaformanns félagsmálanefndar**

Ragnheiður Dröfn Benediksdóttir kjörin formaður félagsmálanefndar og Hermína Kristín Lárusdóttir, varaformaður.

**2. Hlutverk félagsmálanefndar eftir breytingar á barnaverndarlögum kynning – umræða**

Breytingar á barnaverndarlögum kynntar. Rætt um hlutverk félagsmálanefndar Snæfellinga.

**3. Samþætting þjónustu til aukinnar farsældar barna**

Kynning og umræður á inntaki nýrra laga um farsæld barna og samþættingar þjónustu.

FSS undirbýr nú innleiðingu í samstarfi við sveitarfélögin, grunn-, leik- og framhaldsskóla, heilsugæslu, lögreglu og aðra þá aðila er koma að málefnum barna á Snæfellsnesi. Auglýst hefur verið 40% staða sérstaks verkefnastjóra er leiða mun og samhæfa innleiðingu, verklag og samvirkni aðila. Innleiðingu samþættingar þjónustu við börn skal lokið innan 3ja, - að hámarki 5 ára.

**4. Önnur mál**

*kynning - umræða*

a) Næsti fundur félagsmálanefndar, nr. 202, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Grundarfjarðarbæjar, 17. janúar n.k.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18.10

Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

## **208. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 25. október 2022, á Teams**

**Mætt:** Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Valdís Einarsdóttir, Sigurður Halldór Árnason og Magnús A. Sigurðsson

**Forföll:** Arnheiður Jónsdóttir forfallaðist og ekki náðist í varamenn hennar vegna skamms fyrirvara.

*Fundarritari:* Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 10.15

### **1. Fundargerð 206. fundar og 207. fundar Breiðafjarðarnefndar**

Fundargerð 206. fundar nefndarinnar frá 16. ágúst 2022 og fundargerð 207. fundar frá 20. september 2022.

#### **Afgreiðsla:**

Fundargerðir lesnar upp og samþykktar.

### **2. Vettvangsferð - Eftirvinnsla**

Fjallað var um vettvangsferð sem farin var í ágúst 2022.

#### **Afgreiðsla:**

Jakob sagði frá eftirvinnslu vettvangsferðarinnar en hann mun skrifa skýrslu um hana. Nefndarfólk var beðið um nokkrar upplýsingar til að vinna skýrsluna.

### **3. Styrkjamál 2022**

Breiðafjarðarnefnd ræddi um styrkumsóknir sem liggja fyrir á þessu ári.

#### **a. Sjávarjörðin Búðir undir Kirkjufelli**

Fyrir liggur umsókn frá Sævari Pálssyni um styrk fyrir verkefnið *Sjávarjörðin Búðir undir Kirkjufelli*, sem barst Breiðafjarðarnefnd 12. október 2022. Rætt var um umsóknina og möguleika nefndarinnar til að styrkja verkefnið.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd hefur fjárheimild til að styrkja suma hluta verkefnisins, sérstaklega þá sem snúa að fræðsluáformum, en getur ekki styrkt uppbyggingu Grundarfjarðarvita því nefndin hefur ekki heimild til að styrkja byggingarframkvæmdir. Nefndin mun kalla eftir frekari upplýsingum varðandi fræðsluþátt verkefnisins áður en ákvörðun um mögulegan styrk verður tekin.

#### **b. Gróðurrannsókn á eyjum Breiðafjarðar**

Breiðafjarðarnefnd hefur undirbúið gróðurannsókn á eyjum Breiðafjarðar síðan í apríl. Rannsóknin verður unnin af Náttúrustofu Vestfjarða og verður svipuð og rannsókn sem nefndin styrkti árið 2019. Sú gróðurannsókn er aðgengileg á vefsíðu nefndarinnar hér: <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2022/04/Vegetation-mapping-of-islands-in-Breidafjordur-West-Iceland-2018-2.pdf>

Ákveðið var á 205. fundi Breiðafjarðarnefndar 16. ágúst 2022 að Sigurður kynnti skipulag, framkvæmd og kostnaðaráætlun verkefnisins fyrir nefndinni í lok október.

#### **Afgreiðsla:**

Sigurður Árnason kynnti fyrir nefndinni stöðu undirbúningsvinnu. Náttúrustofa Vestfjarða vinnur áfram í skipulagi rannsóknar og sendir Breiðafjarðarnefnd sínar tillögur auk kostnaðaráætlunar fyrir næsta fund 22. nóvember. Nefndin mun ganga frá fjárhagsáætlun á næsta fundi.

#### **c. Örnefnaskráning**

Þorvaldur Þór Björnsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, mætti á 203. fund Breiðafjarðarnefndar 17. maí 2022 til að upplýsa um stöðu örnefnaverkefnis sem hann hefur unnið á Breiðafirði síðustu ár. Örnefnaverkefnið hlaut styrk frá Breiðafjarðarnefnd árið 2021 en nefndin hefur rætt möguleika um að styrkja verkefnið enn frekar.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ákvað að veita örnefnaverkefninu framhaldsstyrk á þessu ári. Jakob setur sig í samband við Náttúrufræðistofnun Íslands til að undirbúa styrkveitinguna.

#### **4. Svar vegna umsagnar Breiðafjarðarnefndar vegna breytingar á deiliskipulagi Víkurhverfis í Stykkishólmi**

Breiðafjarðarnefnd fékk svar frá skipulagsfulltrúa Stykkishólmsbæjar varðandi umsögn vegna breytingar á deiliskipulagi Víkurhverfis í Stykkishólmi. Í sinni umsögn frá 7. júní 2022 lagði Breiðafjarðarnefnd til að ráðast í mótvægisáðgerðir vegna losunar kolefnis við framkvæmdir í Víkurhverfi, Stykkishólmi. Í kjölfar umsagnar barst Breiðafjarðarnefnd fyrirspurn frá skipulagsfulltrúa þar sem beðið var um hugmyndir að slíkum mótvægisáðgerðum.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd talaði um mótvægisáðgerðir á fundi og mun senda skipulagsfulltrúa sínar hugmyndir. Jakob gengur frá bréfi og sendir nefndarfólki til staðfestingar.

#### **5. Þangvinnsla í Stykkishólmi - Staða skipulagsferlis**

Breiðafjarðarnefnd gerði umsögn um þangvinnslu við Nesveg 22a í Stykkishólmi 20. september 2022. Í kjölfarið var formanni Breiðafjarðarnefndar boðið á fund með skipulagsfulltrúa og framkvæmdaraðila.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd ræddi frekar um stöðu skipulagsferlis Nesveg 22a.

Formaður Breiðafjarðarnefndar sagði frá fundinum 28. september og stöðu mála varðandi þangvinnslu við Nesveg 22a.

#### **6. Önnur mál**

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur verður 22. nóvember, kl. 10.30, í Stykkishólmi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

# Fundargerð 915. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2022, föstudaginn 25. nóvember kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Einar Brandsson, Nanný Anna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson í gegnum fjarfundarbúnað, Jón Björn Hákonarson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Einar Þorsteinsson boðaði forföll, varamaður hans Árelía Eydís Guðmundsdóttir, mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í byrjun fundar bauð formaður Árelíu Eydísi Guðmundsdóttur og Einar Brandsson velkomin á sinn fyrsta fund í stjórn sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerð 914. fundar - 2201008SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 914. fundar stjórnar sambandsins frá 12. október 2022, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

**2. Samráðsfundur stjórnar sambandsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga - 2211034SA**

Lagðir fram minnisþingir af fundi stjórnar sambandsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga sem haldinn var í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 14. október 2022.

*Stjórnin styður þau áform að taka upp reglulega samráðsfundi með fulltrúum landshlutasamtaka og felur framkvæmdastjóra að koma því á.*

**3. Fræðslumálanefnd sambandsins - 2210009SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 141. fundar fræðslumálanefndar sambandsins frá 8. nóvember 2022.

*Stjórn óskar eftir að fá kynningu á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna inn á stjórnarfund á næstu mánuðum.*

**4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 77. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 31. október 2022. Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur í umhverfis- og úrgangsmálum á lögfræði- og velferðarsviði mætti á fundinn undir þessum lið og kynnti stuðningsverkefni sambandsins við innleiðingu laga nr. 103/2021 vegna innleiðingu hringrásarhagkerfis auk þess að gera grein fyrir stöðu innleiðingar.

Stjórnin þakkar fyrir greinargóða kynningu á stöðu innleiðingar hringrásarhagkerfis. Stjórnin telur ljóst að þótt breytingar á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, um meðhöndlun úrgangs og um úrvinnslugjald taki gildi um næstu áramót eru sveitarfélögin misjafnlega langt komin í innleiðingu hringrásarhagkerfis. Innleiðing á breyttu fyrirkomulagi úrgangsstjórnunar með aukinni sérsöfnun úrgangs muni því koma til framkvæmda í áföngum á næsta ári. Mikilvægt er að sambandið veiti sveitarfélögum áframhaldandi faglegan stuðning í innleiðingarferlinu, í góðu samstarfi við ráðuneyti og stofnanir ríkisins.

Stjórnin leggur jafnframt áherslu á að halda þarf áfram vinnu við uppbyggingu innviða til úrgangsméðhöndlunar, svo sem með uppbyggingu hátækni sorpbrennslustöðvar til orkunýtingar. Forgangsverkefni er einnig að bæta verulega úrgangstölfræði og stórbæta fyrirkomulag framlengdrar framleiðendaábyrgðar, þar sem sveitarfélögum verði tryggðar endurgreiðslur á kostnaði við söfnun og meðhöndlun úrgangs sem ber úrvinnslugjald. Ríkið verður að vera í forystu í þessum verkefnum í samvinnu við sveitarfélögin, enda er það íslenska ríkið sem er skuldbundið skv. EES-samningnum til að ná þeim markmiðum sem kveðið er á um í EES-löggjöf um bættu úrgangsméðhöndlun hér á landi.

**5. Kjaramálanefnd sambandsins - 2009595SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal fundargerð 31. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 9. nóvember 2022. Sviðsstjóri kjarasviðs mun jafnframt kynna starfsemi sambandsins varðandi kjarasamningagerð.

Stjórnin þakkar kynningu sviðsstjóra kjarasviðs.

**6. Tillaga að stefnumörkun sambandsins 2022-2026 - 2203042SA**

Lögð fram tillaga að stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026. Valgerður Rún Benediksdóttir, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði og ritstjóri stefnumörkunarinnar, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir þeim breytingum sem hafa verið gerðar á tillögunum frá seinasta fundi stjórnar.

Stjórn samþykkir stefnuna og felur framkvæmdastjóra að ganga frá skjalinu og senda það sveitarfélögum og öðrum þeim sem að þeim málum koma sem stefnumörkunin nær til. Formaður og framkvæmdastjóri munu kynna skjalið fyrir ráðherra sveitarstjórnarmála á fundi í næstu viku.

Rósa Guðbjartsdóttir vék af fundi kl. 14:40.

**7. Verklag við breytingar á útsvarshlutfalli vegna þjónustu við fatlað fólk - 2205032SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs og sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 21. nóvember 2022, um verklag við breytingar á útsvarshlutfalli vegna þjónustu við fatlað fólk. Einnig lögð fram umsögn sambandsins um frumvarp til fjárukalaga 2022, 409. mál, dags. 16. nóvember 2022. Framkvæmdastjóri skýrir stöðu máls.

Stjórnin ítrekar mikilvægi þess að ríkið komi að fjármögnun halla þessa árs vegna þjónusta sveitarfélaga við fatlað fólk eins og lagt er til í umsögn sambandsins um frumvarp til fjáráukalaga. Jafnframt áréttar stjórnin að tillögur þurfa að liggja fyrir í næstu vikum um hvernig full fjármögnun málaflokksins verði tryggð af hálfu ríkisins á næsta ári.

**8. Rafræn skil á skjölum sveitarfélaga - viljayfirlýsing - 2210042SA**

Lagt fram bréf Stefáns Boga Sveinssonar, héraðsskjalavarðar Héraðsskjalasafns Austfirðinga um viljayfirlýsingu héraðsskjalavarða vegna rafrænna skila á skjölum sveitarfélaga. Einnig lagt fram minnisblað þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 23. nóvember, vegna erindis héraðsskjalavarða um rafræn skil skjala.

Stjórn leggur áherslu á að mótuð verði sameiginleg stefna ríkis og sveitarfélaga hvað varðar rafræn skil skjala. Framkvæmdastjóra falið að taka upp viðræður við menningar- og viðskiptaráðuneytið um framtíð þessara mála.

**9. Ráðstefnumat fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2022 - 2205017SA**

Lagt fram minnisblað sérfræðings á hag- og upplýsingasviði sambandsins, dags. 4. nóvember 2022, um niðurstöður ráðstefnumats fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2022.

**10. Gögn um Innheimtustofnun sveitarfélaga og skýrsla Ríkisendurskoðunar - 2105039SA**

Lögð fram greinargerð verkefnisstjórnar um endurskoðun á skipulagi og rekstri Innheimtustofnunar sveitarfélaga og flutningi starfseminnar til ríkisins, dags. 18. október 2022, skýrsla Ríkisendurskoðunar um Innheimtustofnun sveitarfélaga - Tilfærsla verkefna til ríkisins, dags. 1. október 2022. Einnig lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra sambandsins um drög að viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga, dags. 25. ágúst 2020. Jafnframt lögð fram viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu á verkefnum Innheimtustofnunar sveitarfélaga til Tryggingastofnunar ríkisins, dags. 19. janúar 2021, ásamt viðauka við viljayfirlýsinguna.

Stjórnin telur að vinnsla málsins sé í fullu samræmi við fyrirliggjandi yfirlýsingar og eldri samþykktir stjórnar sambandsins um það.

**11. Tillaga að tilnefningu á fulltrúa í EES EFTA Sveitarstjórnarvettvanginn - 2210016SA**

Lögð fram tillaga að tilnefningu á fulltrúa í EES EFTA Sveitarstjórnarvettvanginn, dags. 18. nóvember 2022.

Stjórn samþykkir að tilnefna Rósu Guðbjartsdóttur sem aðalfulltrúa í EES EFTA Sveitarstjórnarvettvanginn 2022-2026 og Guðmund Ara Sigurjónsson sem varafulltrúa hennar.



12. **Pátttaka sambandsins í aðlögunarleiðangri ESB og framkvæmd GOS samkvæmt Byggðaáætlun - 2011055SA**
- Lagt fram minnisblað þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 20. nóvember 2022, um þátttöku sambandsins í aðlögunarleiðangri ESB og framkvæmd GOS samkvæmt Byggðaáætlun.
- Stjórn samþykkir þátttöku sambandsins í aðlögunarleiðangri ESB og felur starfsfólki að ganga frá samningi við umhverfis, orku- og loftslagsráðuneytið um fjármögnun þess á starfi verkefnastjóra til tveggja ára.*
13. **Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins - 2009042SA**
- Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 21. nóvember 2022, um haustþing Sveitarstjórnarþingsins í Strasbourg og formennsku Íslands í Evrópuráðinu.
14. **Tillaga að tilnefningu í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - 2211017SA**
- Lögð fram tillaga að tilnefningu fulltrúa í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 18. nóvember 2022.
- Tilnefnd voru: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, bæjarfulltrúi í Kópavogi, Dan Jens Brynjarsson, sviðsstjóri fjársýslusviðs Akureyrarbæjar, Hrund Pétursdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði, Friðjón Einarsson, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ, Hörður Hilmarsson, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra hjá Reykjavíkurborg. Til vara fyrir hvern aðalmann í sömu röð voru tilnefnd: Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps, Halla Karen Kristjánsdóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, Heimir Örn Árnason, forseti bæjarstjórnar Akureyrarbæjar, Gísli Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Sveitarfélaginu Skagafirði, Margrét Þórarinsdóttir, bæjarfulltrúi í Reykjanesbæ og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík.*
15. **Tillaga að nýjum fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins - 2210008SA**
- Lögð fram tillaga að nýjum fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins 2022-2023, dags. 18. nóvember 2022.
- Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í félagsþjónustunefnd sambandsins: Ólaf Þór Ólafsson, sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps í stað Kjartans Magnússonar, borgarfulltrúa í Reykjavík, sem beðist hefur lausnar úr nefndinni.*
16. **Tillaga að nýjum fulltrúa í kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA**
- Lögð fram tillaga að nýjum fulltrúa í kjaramálanefnd sambandsins, dags. 18. nóvember 2022.
- Stjórn samþykkir að tilnefna eftirfarandi fulltrúa í kjaramálanefnd sambandsins: Sigríði Þrúði Stefánsdóttur, mannauðsstjóra Kópavogsbæjar, í stað Ásdísar Kristjánsdóttur, bæjarstjóra Kópavogs, sem beðist hefur lausnar úr nefndinni.*

17. **Breytt skípan barnaverndar - staðan á undirbúningi - 2111020SA**  
Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 18. nóvember 2022, um breytingar í barnaverndarþjónustu sveitarfélaga.  
*Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til að kynna sér þær breytingar sem taka gildi um áramót á fyrirkomulagi barnaverndarþjónustu og taka jafnframt ákvörðun um fyrirkomulag samstarfs um barnaverndarþjónustu ef við á.*
18. **Tilnefning í verkefnisstjórn um stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum - 2209023SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, dags. 11. október 2022, þar sem Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu, er tilnefnd í verkefnisstjórn um stefnumarkandi áætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, og Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, til vara.
19. **Tilnefning í starfshóp um heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu - 2209035SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 18. október 2022, þar sem Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, og Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi, eru tilnefnd í starfshóp um heildarendurskoðun á framhaldsfræðslukerfinu.  
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
20. **Tilnefning í starfshóp sem mótar tillögur um framtíðarfyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis - 2210004SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 19. október 2022, þar sem Þóra Kemp, deildarstjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri í Félags- og skólaþjónustu A-Hún, eru tilnefndar sem aðalmenn í starfshóp sem falið er að móta tillögur um framtíðarfyrirkomulag þjónustu vegna ofbeldis, og Sigrún Þórarinsdóttir, félagsmálastjóra í Kópavogi, og Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, forvarnarfulltrúi á þróunar- og alþjóðasviði sambandsins, til vara.
21. **Tilnefning í stýrihóp Sjálfbærs Íslands og Sjálfbærni ráð - 2210028SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 19. október 2022, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp Sjálfbærni Íslands og Sjálfbærni ráð, og Eygerður Margrétardóttir, verkefnastjóri í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

22. **Tilnefning í vinnuhóp um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar - 2209033SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 20. október 2022, þar sem Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefnd í vinnuhóp um fullgildingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 190.
23. **Tilnefning í starfshóp um gerð skýrslu (grænbókar) um heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins - 2210021SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 20. október 2022, þar sem Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, er tilnefnd í starfshóp um gerð skýrslu (grænbókar) um heildarendurskoðun lífeyrissjóðakerfisins.
24. **Tilnefning í réttindavakt félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins - 2210020SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 20. október 2022, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í réttindavakt ráðuneytisins.
25. **Tilnefning í starfshóp um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk - 2210018SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 20. október 2022, þar sem Arne Friðrik Karlsson, sérfræðingur á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, og Hrönn Hilmarsdóttir, deildarstjóri þróunar og reksturs í málaflokki fatlaðs fólks hjá Hafnarfjarðarbæ, eru tilnefnd í starfshóp um aukin náms- og starfstækifæri fyrir fatlað fólk.
26. **Tilnefning í starfshóp um stöðu og réttindi afraksípróttafólks - 2210039SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytinu, dags. 28. október 2022, þar sem Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkurborgar, og Harpa Þorsteinsdóttir, varabæjarfulltrúi í Garðabæ, eru tilnefnd í starfshóp um stöðu og réttindi afraksípróttafólks. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
27. **Tilnefning í Félagsdóm - 2210014SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 8. nóvember 2022, þar sem Eva Bryndís Helgadóttir, hæstaréttarlögmaður, er tilnefnd í Félagsdóm.
28. **Tilnefning í fulltrúaráð Brynju leigufélags ses. - 2209018SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Brynju leigufélags ses., dags. 16. nóvember 2022, þar sem Gústav Aron Gústavsson, sérfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála hjá innviðaráðuneytinu, og Aðalbjörg Traustadóttir, sérfræðingur á velferðarsviði Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd í fulltrúaráð Brynju leigufélags ses.

29. **Tilnefning í starfshóp um endurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga - 2211024SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 18. nóvember 2022, þar sem Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, og Erik Tryggvi Striz Bjarnason, sérfræðingur á áætlunar- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringasviði Reykjavíkurborgar, eru tilnefndir í starfshóp um endurskoðun á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
30. **Tilnefning í stýrihóp um stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks - 2209034SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 18. nóvember 2022, þar sem Heidi Þ Björg Hilmisdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík og formaður stjórnar sambandsins, og Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir, verkefnastjóri fjölmeningarmála hjá Reykjanesbæ, eru tilnefndar sem aðalmenn í stýrihóp um stefnu í málefnum innflytjenda og flóttafólks, og Ægir Örn Sigurgeirsson, deildarstjóri Fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarbæjar, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.
31. **Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023 - 2210005SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 20. október 2022, um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023, 1. mál.
32. **Skýrsla um áfallastjórnun stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum - 2210047SA**  
Lögð fram til kynningar skýrsla nefndar um áfallastjórnun stjórnvalda í Covid-19 faraldrinum, sem skipuð var af forsætisráðuneytinu, dags. 1. október 2022. Stjórn vill vekja sérstaka athygli á kafla 25 sem fjallar um sveitarstjórnarstigið.
33. **Umsögn um breytingar á skipulagslögum - raflínuskipulag - 2009205SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 20. október 2022, um frumvarp um breytingar á skipulagslögum (raflínuskipulag) 144. mál.
34. **Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um persónuvernd - 2103033SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. október 2022, um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018, og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, nr. 75/2019 (málsmeðferð o.fl.), mál nr. S-182/2022.
35. **Umsögn um áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólapijónustu og nýja þjónustustofnun - 2210031SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 31. október 2022, um áform um frumvörp til nýrra heildarlaga um skólapijónustu og nýja þjónustustofnun, mál nr. S-195/2022.

36. **Umsögn um frumvarp um breytingu á skipulagslögum Carlsberg ákvæði - 2210051SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 9. nóvember 2022, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum nr. 123/2010 (Calsberg-ákvæði), mál nr. S-202/2022.
37. **Umsögn um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga - tilfærsla á innheimtu meðlaga - 2211021SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. nóvember 2022, um breytingar á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga (tilfærsla á innheimtu meðlaga), mál nr. S-208/2022.
38. **Umsögn um áform um lagabreytingar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2211014SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2022, um áform um breytingar á lagaumhverfi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, mál nr. S-211/2022.
39. **Umsögn um frumvarp til laga um útlendinga - alþjóðleg vernd - 2205038SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 15. nóvember 2022, um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga, 595. mál.
40. **Umsögn um frumvarp til fjárukalaga 2022 - 2210005SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 16. nóvember 2022, um frumvarp til fjárukalaga 2022, 409. mál.
41. **Umsögn um frumvarp til laga um stefnumarkandi stefnur á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála - 2211035SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2022, um frumvarp til laga um stefnumarkandi stefnur á sviði húsnæðis- og skipulagsmála, samgangna og byggðamála, mál nr. S-210/2022.
42. **Ný spá Hagstofu og forsendur - 2206017SA**  
Lagt fram til kynningar minnisblað sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins, dags. 15. nóvember 2022, um nýja spá Hagstofu um forsendur, ásamt minnisblaði, dags. 23. ágúst 2022, um forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026, áður á dagskrá stjórnar 26. ágúst 2022.
43. **Skýrsla landskjörstjórnar um undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga 2022 - 2108004SA**  
Lögð fram til kynningar skýrsla landskjörstjórnar um undirbúning og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga 14. maí 2022, dags. í september 2022.
44. **Ályktanir aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum - 2201003SA**  
Lagðar fram til kynningar ályktanir frá aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, sem haldinn var 17. september 2022.

**45. Ályktun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi - 2211027SA**

Lögð fram til kynningar ályktun frá stjórn Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi, dags. 11. nóvember 2022, um þar sem lýst er yfir áhyggjum af innleiðingu skráningarreglugerðar.

Fundi var slitið kl. 15:30

# Fundargerð 447. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, föstudaginn 18. nóvember kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Dóra Björk Gunnarsdóttir. Í fjarfundarsambandi voru Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir og Arnfríður Eide Hafþórsdóttir,

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Kosning varaformanns og gjaldkera - 2211001HA

Kosninga varaformanns og gjaldkera kjörtímabilið 2022-2024. Lagði formaður til að Pétur Ólafsson hafnarstjóri Hafnasamlags Norðurlands verði gjaldkeri og Alexandra Jóhannesdóttir hafnarstjóri Skagastrandarhafnar verði varaformaður

*Samþykkt samhljóða.*

### 2. Fundargerð 446. fundar - 2110003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 446. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 26. október 2022.

### 3. Fundargerðir Siglingaráðs - 2009019HA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 34. og 35. fundar Siglingaráðs frá 2. september og 3. október 2022.

### 4. Tillaga að fulltrúum í undirbúningsnefnd fyrir hafnafund 2023 - 2211002HA

Formaður lagði fram tillögu að fulltrúum í undirbúningsnefnd fyrir hafnafund 2023 í Hafnarfirði.

*Samþykkt samhljóða að tilnefna Lúðvík Geirsson, Arnfríði Eide Hafþórsdóttur og Þórdís Sif Sigurðardóttur í undirbúningsnefnd fyrir hafnafund 2023.*

### 5. Úrvinnslusjóður og samræmd flokkun á landsvísu - 2102002HA

Eygerður Margrétardóttir, sérfræðingur í úrgangsmálum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir stöðu mála hvað varðar Úrvinnslusjóð og samræmda flokkun á landsvísu.

*Stjórn þakkar kærlega fyrir upplýsingarnar og telur mikilvægt að hafnasambandið vinni þessi mál áfram í nánú samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og var formanni og Birni Arnaldssyni falið að sitja fund verkefnisstjórnar um úrgangsmál hjá sambandinu sem verður haldinn 25. nóvember til að ræða málefni úrvinnslusjóðs.*

*Einnig var samþykkt að taka upp samtal við Umhverfisstofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga um samræmda flokkun í höfnum landsins.*

**6. Fundaráætlun - 2211001HA**

Lögð fram drög að starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins fyrir árið 2023.

*Stjórn samþykkir starfsáætlun hafnasambandsins fyrir árið 2023.*

**7. Ályktanir 43. hafnasambandsþings 2022 - 2110002HA**

Lögð fram til kynningar bréf með ályktunum 43. hafnasambandsþings 2022 sem send voru til eftirtaldrá aðila:

Ályktun um flokkun úrgangs úr skipum, send til Umhverfisstofnunar og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Ályktun um aflagjöld á eldisfiski og eldisseiði, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um stuðning við orkuskipti í höfnum, send til Guðlaugs Pórs Þórðarsonar, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um skipaafdreip (neyðarhöfn), send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um framlög til nýframkvæmda og endurbóta, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra og Vegagerðarinnar.

Ályktun um farþegagjald, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um áherslur við endurskoðun hafnalaga, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um ytri mörk hafnasvæða, send til Sigurðar Inga Jóhannssonar, innviðaráðherra.

Ályktun um öryggi og aðgengi í höfnum, send til allra aðildarhafna.

Ályktun um veiðafæraúrgang, send til allra aðildarhafna.

*Rætt um stöðu bókana og þau viðbrögð sem hafa komið frá ráðuneyti og stofnunum. Sérstaklega var rætt um ályktun um orkuskipti í höfnum.*



**8. Breytingar á hafnalögum - 2210001HA**

Lögð fram til kynningar umsögn hafnasambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 9. október 2022, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003, mál nr. S-177/2022. Að auki var rætt um mikilvægi þess að hafnasambandið setji sér markmið hvað varðar breytingar á hafnalögum.

*Samþykkt að fela formanni að ræða við Gísla Gíslason f.v. formann hafnasambandsins um verkefnið og hvort hann sé tilbúinn í að aðstoða stjórn hafnasambandsins í þessari vinnu.*

Fundi var slitið kl. 12:45

### **Efni: Betri vinnutími í leikskóla Snæfellsbæjar**

Ósk um breytingu á fyrirkomulagi varðandi betri vinnutíma. Síðastliðin tvö ár höfum við verið með lánmarksstyttingu eða 13 mínútur á dag miða við 100 % starf. Sú útfærsla sem við höfum verið að vinna eftir frá upphafi er að taka styttinguna út aðra hverja viku samtals 130 mínútur fyrir 100% starf. Þetta fyrirkomulag hefur reynt okkur erfitt og áhrif styttingarinnar haft ýmsar áskoranir í för með sér:

- Skerðir gæði skólastarfsins.
- Mannekla - ítrekað hefur reynt nauðsynlegt að fá starfsfólk til þess að vinna yfirvinnu 95% barna er með vistun til 16:00.
- Öryggi barna og starfsfólks er stefnt í hættu vegna undirmönnunar innan deildanna.
- Skerðing á undirbúningstímum starfsfólks sem þarf að borga með yfirvinnu.
- Álag á starfsfólk leiðir af sér dvínandi starfsánægju.
- Háværar raddir starfsfólks um flutning á meiri aðlaðandi starfsvettvang t.d. grunnskólann
- Þegar einn starfsmaður fer í styttingu þá kemur engin í hans stað. Eftir geta t.d. tveir starfsmenn staðið uppi með 18 börn á deild og á hverri deild eru reiknuð út barngildi og stöðugildi starfsmanna í samræmi við það.
- Mikil óánægja er á meðal starfsfólks leikskóla Snæfellsbæjar með fyrirkomulag styttingu vinnuvikunnar.

Við teljum að nú sé tímabært að leita nýrra leiða varðandi styttingu vinnuvikunnar hún þarf að vera öllum til góðs bæði börnum og starfsfólki. Þess vegna höfum við verið að skoða og leita ráða innan leikskóla samfélagsins og KÍ. Leikskólinn er viðkvæmt skólastig þegar kemur að ráðningum starfsmanna. Mikilvægt er fyrir leikskólastigið að vera samkeppnishæft þegar kemur að öðrum skólastigum hvað

varðar ráðningar kennara með leyfisbréf og leiðbeinenda til lengri tíma. Starfsaðstæður í grunnskólanum eru meiri aðlaðandi þegar kemur að styttingu vinnuvikunnar, „betri vinnutími“. Kjalar starfsmenn í leikskóla Snæfellsbæjar telja mikið misræmi vera á milli skólastofnanna þegar kemur að útfærslu vinnustyttingar/betri vinnutími. Kjalar starfsmenn í grunnskólanum fá samkvæmt þeim upplýsingum sem að við höfum fengið að taka sína styttingu á milli hátíða, dymbilvikunni og vetrarfríinu sem gera samtals 14 dagar á ári ca. En miða við lágmarks styttingu í 100 % stöðu við leikskóla Snæfellsbæjar þá safnar Kjalar starfsmaður ca 5 ½ degi á ári og það gefur augaleið hvor kosturinn er meira aðlaðandi.

### **Hugmyndir að leiðum:**

- Lokað 4 daga um jól og tvo vetrarfrisdaga á ári, á sama tíma og í grunnskólanum.
- Lokað í dymbilvikunni og fjóra vetrarfrisdaga á ári, á sama tíma og í grunnskólanum.

Með þessu móti er nemendum að einhverju leyti tryggð stytting vinnuvikunnar sinnar sem ekki er til staðar núna.

### **Kostir nýrra leiða:**

- Sveigjanleiki í starfi verður meiri.
- Starfsánægja og almenn vellíðan eykst.
- Með von um að auðveldara verði að ráða inn nýja kennara/ leiðbeinendur í 100% starf.
- Gæði og öryggi skólustarfs eykst.

Með árlegri uppsöfnun er hægt að stilla af skólastigin hvað varðar starfs og vinnutíma sem er mikilvægur þáttur í því að auka og halda jöfnu flæði á milli

skólastiga sem er eitt af markmiðum laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og stjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Við óskum eftir því að bæjarstjórn komi með leiðir ef okkar tillögur að betri vinnutíma sé ekki samþykkt. Einnig hvetjum við ykkur til þess að skoða stefnu KÍ og Kjalar varðandi betri vinnutíma og nær sveitafélögin þegar kemur að útfærslu betri vinnutíma.

Virðingarfyllst

Hermína K. Lárusdóttir

Leikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar

Linda Rut Svansdóttir

Aðstoðarleikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar

Þorkatla Sumarliðadóttir

Staðgengill leikskólastjóra á Krílakoti

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Klettsbúð 4

Hellissandi

## Vegna kirkjumuna á annarri hæð Pakkhússins

Með tilvísun til álits Guðlaugar Gunnarsdóttur þegar hún kom hingað sl. sumar að beiðni Menningarnefndar Snæfellsbæjar. Skoðaði hún safnkost í Pakkhúsinu og einnig í geymsluhúsnæði á Hellissandi. Sendi okkur greinargerð um hvað væri brýnt að gera.

M.a. benti Guðlaug á nokkra muni á annarri hæð Pakkhússins sem hentuðu vel í Ólafsvíkurkirkju.

Þetta eru kirkjumunir frá gömlu Ólafsvíkurkirkju á Snoppunni, sumir koma mögulega upphaflega úr Fróðárkirkju sem áður var sóknarkirkja staðarins.

Um er að ræða skáp sem getur hafa verið notaður sem altari, einnig er það kirkjuklukka og nokkrir smáhlutir til viðbótar.

Sóknarnefnd Ólafsvíkurkirkju er samþykkt að setja hlutina í kirkjuna á smekklegan hátt.

Viljum að bæjarstjórn viti af þessum flutningi og taki því vel.

Ólafsvík, 30. nóv 2022

Með vinsemd

Ragnheiður Víglundsdóttir

Jenný Guðmundsdóttir

## 1. Erindi frá Hollvinafélagi Pakkhússins.

- a. Hollvinafélag Pakkhússins óskar eftir frekari vinnu með forverði í að skrásetja og flokka safnamuni sem eru í eigu bæjarfélagsins. Forvörður hefur nú þegar komið og tekið stöðuna á safnakosti pakkhússins sem er m.a. geymdur í gömlu slökkviliðsstöðinni á Hellissandi. Forvörður hefur komið með tillögu að áframhaldandi vinnu sem þarf að gera til þess að koma safnkosti í viðeigandi forvörslu og hverju má henda til að koma lagi á þessi mál. Sú greiningavinna frá sérfræðing og hljóðar tillaga frá forverði svona:
  - i. „Ég get gert fyrir ykkur mat á húsnæði og aðstæðum þar sem safnkosturinn er geymdur, í gömlu slökkvistöðinni. Þar undir fellur leiðbeiningar um val á hillum, tilmæli og leiðbeiningar um flokkun muna og þarfagreining á því og leiðbeiningar um skráningu muna. Þetta myndi taka mig nokkra daga. Ég gæti byrjað á að vinna eina viku (5 daga) og sé hvað ég kemst langt með þessa greiningu, líklegast langleiðina. Gæti ég verið á staðnum þennan tíma. 5 daga sérfræðivinna, 5x8 klst fer 13.500 myndi kosta 540 þús. Þess utan myndi ég þurfa gististað og nærinu. Bensínkostnaður síðustu ferðar var um 36.400 svo við getum haldið okkur við það. Svo þegar þetta starf er komið í eðlilega siglingu er vert að halda áfram og hagræða betur málum í Pakkhúsinu.
- b. Félagið óskar eftir því að bæjarstjórn veiti stuðning við að standa vörð um og koma skipulagi á safnkost bæjarfélagsins, sem er óneitanlega verðmætur samfélaginu.
- c. Hollvinafélagið er m.a. tilbúið að leggja til eigin vinnu í þetta verkefni undir leiðsögn forvarðar.